

Alþingi nefndasvið
Elín Valdís Þorsteinsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16.05.2006
Tilv. 40.13
JP/gg

Umsögn um mál 792 um breytingar á lögum nr. 117/1993

Landspítali - háskólasjúkrahús hefur fengið til umsagnar ofangreint þingmál nr. 792 sem lagt er fram til breytinga á lögum um almannatryggingar nr. 117/1993. Er það tilkomið af því að sérfræðingar í hjartalækningum hafa sagt sig frá samningi Læknafélags Reykjavíkur og samninganefndar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra vegna læknisverka sem unnin eru á einkastofum læknanna.


Markmiðið með fyrirhugaðri breytingu á lögnum er að skerpa þann skilning að forsenda fyrir greiðsluþátttöku ríkisins sé, að í gildi verði að vera samningur milli aðila um læknisverk unnin á einkastofum. Fjallar breytingin um það að sjúkratrygging sé skilgreind á þann hátt að tryggingin taki til heilbrigðisþjónustu sem veitt sé af ríkinu á þess kostnað eða með greiðsluþátttöku þess.

Þá er gerð tillaga um að hækkað verði aldursmark barna, sem sjúkratryggð eru með foreldrum úr 16 árum í 18 ár.

Miðað við núverandi ástand, að enginn samningur er í gildi milli hjartasérfræðinga og ríkisins, er mikilvægt að skýr og afdráttarlaus fyrirmæli séu um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði vegna komu til sérgreinalækna. Úr því er verið að bæta með framlagningu þessa frumvarps.

LSH mælir með framgangi máls 792 um breytingar á lögum um almannatryggingar nr. 117/1993.

Virðingarfyllst



Magnús Pétursson, forstjóri